

32. ÁRSÞING SSNV

11. APRÍL 2024

HALDIÐ Í HÚNABYGGÐ

ÞINGGJÖRÐ



Davíð Jóhannsson
Sveinbjörg Rut Pétursdóttir

Efnisyfirlit

Dagskrá	3
Þingsetning, kjör þingforseta og þingritara	4
Nefndir þingsins og fundarboðendur þeirra	4
Fulltrúatal.....	5
Skýrsla stjórnar.....	6
Ávarp	6
Heiða Björg Hilmisdóttir formaður Sambands íslenskra sveitafélaga	6
Ársreikningur 2023	8
Fyrirspurnir og umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning.	8
Fyrirspurnir og umræður um samgöngu- og innviðaaáætlun.....	8
Erindi.....	9
Afgreiðsla nefndaálita.....	9
Fjárhagsnefnd.....	9
Allsherjarnefnd.....	10
Kosningar	10
Formaður stjórnar SSNV – til tveggja ára:.....	10
Fjórir fulltrúar í aðalstjórn SSNV – til tveggja ára:	10
Fimm fulltrúar í varastjórn SSNV – til tveggja ára:	11
Endurskoðandi SSNV - til tveggja ára.....	11
Endurskoðunarnefnd SSNV - til tveggja ára	11
Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra – til tveggja ára.....	11
Fagráð atvinnuþróunar og nýsköpunar Uppbyggingarsjóðs – til tveggja ára	11
Fagráð menningar Uppbyggingarsjóðs – til tveggja ára	12
Afhending Byggðagleraugnanna 2024.....	12
Þingslit	12

Dagskrá

9:30 Þingsetning.

Guðmundur Haukur Jakobsson, formaður stjórnar SSNV.

Kosning þingforseta, varaforseta, tveggja ritara, tveggja vararitara.

Kynning á nefndum þingsins – formenn þingnefnda.

9:40 Kjörnefnd kannar lögmæti þingsins

Þorleifur Karl Eggertsson formaður kjörnefndar.

9:50 Skýrsla stjórnar SSNV fyrir árið 2023

Guðmundur Haukur Jakobsson, formaður stjórnar SSNV.

10:00 Ávarp

Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitafélaga.

11:00 Ársreikningur SSNV 2023, Kristján Jónasson, endurskoðandi KPMG kynnir ársreikning SSNV.

11:10 Samgöngu- og innviðaáætlun

11:20 Störf nefnda

Fjárhagsnefnd fjallar um ársreikning.

Allsherjarnefnd fjallar um ályktanir ársþings og uppfærða samgönguáætlun.

12:00 Hádegisverður

12:30 Erindi

Magnús Barðdal, tækifæri í fjárfestingum á Norðurlandi vestra.

Sveinbjörg Rut Pétursdóttir & Davíð Jóhannsson, Kynning á Evrópuverkefnum.

Brynja Sif Harðardóttir & Guðlaugur Skúlason, Landshluti í markaðssókn og nýsköpun.

13:40 Afgreiðsla nefndarálita

13:50 Kosningar

14:15 Afhending Byggðagleraugnanna 2024

14:30 Þingslit

Þingsetning, kjör þingforseta og þingritara

Guðmundur Haukur Jakobsson, formaður stjórnar SSNV, setti þingið og bauð þingfulltrúa og aðra gesti velkomna á þingið. Tilnefndi hann Pétur Arason sem 1. þingforseta og Ragnhildi Haraldsdóttur sem 2. þingforseta. Þá lagði hann til að þingritarar væru Davíð Jóhannsson og Sveinbjörg Rut Pétursdóttir, varaþingritarar Matthías Rúnarsson og Guðlaugur Skúlason, starfsmenn SSNV.

Tillagan var samþykkt og tók þingforseti við stjórn þingsins.

Nefndir þingsins og fundarboðendur þeirra

Þingforseti kynnti skipan kjörnefndar sem skipuð er af stjórn eigi síðar en 1. mars ár hvert.

Kjörnefnd skipa:

- Þorleifur Karl Eggertsson, Húnaþingi vestra, formaður
- Sólborg Borgarsdóttir, Skagafirði
- Guðmundur Haukur Jakobsson, Húnabyggð
- Halldór G. Ólafsson, Sveitarfélaginu Skagaströnd
- Álfhildur Leifsdóttir, Skagafirði

Þá kynnti þingforseti nefndir þingsins og lagði til að eftirtaldir aðilar kölluðu nefndirnar saman:

Fjárhagsnefnd: Sólborg Borgarsdóttir, Skagafirði (Starfsmaður: Magnús Barðdal).

Allsherjarnefnd: Magnús Magnússon, Húnaþingi vestra (Starfsmaður: Guðlaugur Skúlason).

Fulltrúatal

Þorleifur Karl Eggertsson, formaður kjörnefndar, fór yfir fulltrúatal þingsins. Rétt til fundarsetu með atkvæðisrétti eiga 27 fulltrúar og af þeim eru 25 mættir. Þingið telst því löglegt. Mættir fulltrúar eru:

Fulltrúar á ársþingi SSNV 11. apríl 2024

Skagafjörður

Þingfulltrúar

Einar E. Einarsson aðalmaður
Hrund Pétursdóttir aðalmaður
Hrefna Jóhannesdóttir aðalmaður
Guðný Axelsdóttir varamaður
Sólborg S. Borgarsdóttir aðalmaður
Sigrún Eva Helgadóttir varamaður
Jóhanna Ey Harðardóttir aðalmaður
Sveinn Þ. Finster Úlfarsson aðalmaður
Álfhildur Leifsdóttir aðalmaður
Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir aðalmaður
Pétur Örn Sveinsson aðalmaður

11/12 mættir

Húnaþing vestra

Þingfulltrúar

Þorleifur Karl Eggertsson aðalmaður
Elín Lilja Gunnarsdóttir aðalmaður
Magnús Magnússon aðalmaður
Birkir Snær Gunnlaugsson varamaður
Magnús Eðvaldsson aðalmaður

5/5 mættir

Svf. Skagatrönd

Þingfulltrúar

Halldór G. Ólafsson aðalmaður
Arnar Ólafur Viggósson varalmaður

2/3 mættir

Húnabyggð

Þingfulltrúar

Guðmundur Haukur Jakobsson aðalmaður

Ragnhildur Haraldsóttir aðalmaður

Auðunn Steinn Sigurðsson aðalmaður

Elín Aradóttir aðalmaður

Jón Gíslason varamaður

5/5 mættir

Skagabyggð

Þingfulltrúar

Erla Jónsdóttir aðalmaður

Vignir Sveinsson aðalmaður

2/2 mættir

Samtals fjöldi fulltrúa 25/27 93 % mæting

Skýrsla stjórnar

Guðmundur Haukur Jakobsson, formaður stjórnar SSNV, flutti skýrslu stjórnar fyrir árið 2023.

Skýrslan er aðgengileg í ársskýrslu ársins 2023 á heimasíðu SSNV með gögnum þingsins.

Ávarp

Heiða Björg Hilmisdóttir formaður Sambands íslenskra sveitafélaga

Heiða Björg þakkaði fyrir boðið að fá að ávarpa þingið og viðra sína sýn á núverandi starfsumhverfi sveitarstjórnarstígsins.

Í upphafi ræddi hún yfirstandandi breytingar á sambandinu og hve mikilvægt væri að stefna þess væri lifandi í því kvika umhverfi, sem það væri hluti af. Í því sambandi lýsti hún hvernig skynja mætti t.d. í gegnum Evrópusamstarf hve áhersla á mikilvægi staðbundinna stjórnvaldaværi merkjanleg, einkum eftir heimsfaraldurinn. Hér væri þó mikilvægt að búa við trausta fjármögnun. Á haustdögum má vænta umsagnar um íslenska sveitarstjórnarstigið frá sveitastjórnarráði Evrópusambandsins.

Því næst vék hún að hinu mikilvæga samtali sveitarfélagana við ríkið og sagði stöðuna þar heldur þrönga, því væri samstaða ákaflega mikilvæg. Spá um tekjur sveitarfélaga er heldur neikvæð fyrir árin 2024 og 2025 en ætti að batna árin þar á eftir 2026 og 2027. Slíkt myndi kalla á aðhald ekki síst í kjaramálum, sem stærsta útgjaldalið. Horfa þyrfti til þess að geta bætt kjör án þess að hækka laun. Þessu tengt taldi hún ákaflega æskilegt ef allir þátttakendur í kjaraviðræðum kæmu jafnan saman í upphafi þeirrar vegferðar. Hún taldi að sveitarfélögin myndu flest hver ná endum saman áður en kemur að fjármagnsliðum, en mikilvægt væri að kortleggja fjárfestingaþörf betur.

Hún reifaði einnig hve mikilvægt væri að taka ábyrg skref til framtíðar og þar þyrfti að mæla betur árangur. Það væri t.d. áriðandi að þau skref sem nú væru stigin í stafrænni þróun væru rýnd, svo áhrif þeirra og gagn væru betur sjáanleg. Hér væri um sameiginlega vegferð sveitarfélagana og ríkisins að ræða.

Heiða taldi að sveitarfélögin þyrftu að mæta ríkinu sem jafningja, en líka að líta í eigin barm hvað má gera betur. Ríkið þyrfti að vera upplýstara um framlag Sveitarfélaga í ýmsum málaflokkum t.d. umhverfismálum og velsæld eða aðkomu að almannavörnum, sem væri vanmetið í starfi sveitarfélaga. Hún minnti á að sveitarfélögin væru með fleiri starfsmenn en ríkið og þyrftu því að bera höfuðið hátt en vissulega mættu tekjustofnar batna enda langt frá því að einungis sé verið að sinna e.k. gæluverkefnum. Að lokum minntist hún á hve mikil binding væri fyrir sveitarfélög í starfi hinna fjölmörgu starfshópa, sem ríkið kæmi á legg og spyrja mætti sig hvort þetta gæti verið einfaldara. Þá ítrekaði hún mikilvægi þess að gott samband væri á milli starfsfólks sambandsins og sveitarfélaganna.

Til máls tóku með spurningum/athugasemdum úr sal: Einar E. Einarsson, Guðmundur Haukur Jakobsson og Pétur Arason

.....

Ársreikningur 2023

Kristján Jónasson, endurskoðandi f.h. KPMG, fór yfir ársreikning SSNV fyrir árið 2023:

Ársreikningur SSNV: Rekstrartekjur voru 269.407.486 kr., rekstrargjöld 255.617.649 kr. og fjármunatekjur 6.006.092 kr. Hagnaður varð því á rekstri samtakanna að upphæð 19.795.929 kr.

Ársreikningurinn er aðgengilegur á heimasíðu SSNV með gögnum þingsins.

Fyrirspurnir og umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning.

Til máls tóku: Halldór G. Ólafsson

Ársreikningi var síðan vísað til fjárhagsnefndar.

Samgöngu- og innviðaaætlun Norðurlands vestra

Magnús Magnússon, kynnti uppfærða Samgöngu- og innviðaaætlun Norðurlands vestra

Fyrirspurnir og umræður um samgöngu- og innviðaaætlun

Til máls tóku: Álfhildur Leifsdóttir

Samgöngu- og innviðaaætlun Norðurlands vestra var síðan vísað til allsherjarnefndar.

Störf nefnda

Fyrir þinginu lágu eftirfarandi tillögur sem sendar höfðu verið send út með fundarboði og vísaði þingforseti þeim til viðkomandi nefnda:

Fjárhagsnefnd

- Ársreikningur SSNV 2023
- Laun og þóknun til stjórnar og nefnda

Allsherjarnefnd

- Samgöngu- og innviðaaætlun Norðurlands vestra

Nefndir tóku til starfa. Að loknum nefndafundum og hádegishléi hófust fundarstörf aftur.

Erindi

Magnús Barðdal Reynisson frá SSNV,
fjallaði um tækifæri í fjárfestingum á Norðurlandi vestra.

Sveinbjörg Rut Pétursdóttir & Davíð Jóhannsson,
kynntu NPA-Evrópuverkefni, sem SSNV er aðili að þessi misserin.

Brynja Sif Harðardóttir & Guðlaugur Skúlason,
kynntu áttak SSNV í markaðs- og kynningarmálum landshlutans og nýjustu aðgerðir í kynningu
nýsköpunar.

Afgreiðsla nefndaálita

Fjárhagsnefnd

Sólborg S. Borgarsdóttir gerði grein fyrir tillögum fjárhagsnefndar.

Lögð fram eftirfarandi tillaga:

32. ársþing SSNV, haldið í félagsheimilinu á Blönduósi 11. apríl 2024, samþykkir ársreikning SSNV fyrir árið 2023.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Ársreikningur SSNV fyrir árið 2023 er aðgengilegur á heimasíðu með gögnum þingsins.

32. ársþing SSNV, haldið í félagsheimilinu á Blönduósi 11. apríl 2024, samþykkir eftirfarandi um laun og þóknun til stjórnar og nefnda SSNV fyrir árið 2024:

Laun og þóknun til stjórnar og nefnda SSNV fylgi þingfararkaupi og ákvörðunum ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins um akstursgjald og dagpeninga:

- a) Laun formanns verði 6% af þingfararkaupi (nú 87.590 kr.)
- b) Laun annarra stjórnarmanna verði 3% af þingfararkaupi (nú 43.795 kr.)
- c) Laun fyrir stjórnarfundi og aðra fundi stjórnar og nefnda/fagráða verði 2,5% af þingfararkaupi (nú 36.496 kr.)
- d) Laun formanna nefnda/fagráða verði 3% af þingfararkaupi fyrir hvern fund í viðkomandi nefnd (nú 43.795 kr.)
- e) Hálf fæði verði greitt fyrir hvern fund stjórnar, samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins (nú 7.950 kr.)
- f) Akstur verði greiddur samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins um akstursgjald (nú 141 kr./km)
- g) Annar ferðakostnaður vegna ferða á vegum SSNV verði greiddur samkvæmt reikningi

Greiðslur til úthlutarnefndar og fagráða Uppbyggingarsjóðs verði sem hér segir:

1. Fagráð - yfirferð umsókna

- a) 1-20 umsóknir – greitt sem ein fundarseta

- b) 21-70 umsóknir – greitt sem tvær fundarsetur
- c) 71-100 umsóknir – greitt sem þrjár fundarsetur

2. Svar við beiðni um rökstuðning vegna höfnunar á styrkbeiðni
- a) 1-5 beiðnir – greitt sem ein fundarseta
 - b) 6-10 beiðnir – greitt sem tvær fundarsetur

3. Önnur bréf vegna starfa á vegum Uppbyggingarsjóðs
- a) 1-5 bréf – greitt sem ein fundarseta
 - b) 6-10 bréf – greitt sem tvær fundarsetur

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Allsherjarnefnd

Magnús Magnússon gerði grein fyrir tillögu Allsherjarnefndar:

32. ársþing SSNV, haldið í félagsheimilinu á Blönduósi 11. apríl 2024, samþykkir framlagða Samgöngu- og innviðaaætlun Norðurlands vestra með framkomnum breytingartillögum.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Samgöngu- og innviðaaætlun Norðurlands vestra er aðgengileg á heimasíðu SSNV með gögnum þingsins.

Kosningar

Þorleifur Karl Eggertsson, formaður kjörnefndar, kynnti tillögu nefndarinnar að stjórn samtakanna til tveggja ára:

Formaður stjórnar SSNV – til tveggja ára:

Einar E. Einarsson, Skagafirði

Fjórir fulltrúar í aðalstjórn SSNV – til tveggja ára:

Halldór G. Ólafsson, Svf. Skagaströnd

Magnús Magnússon, Húnaþingi Vestra

Guðmundur Haukur Jakobsson, Húnabyggð

Álfhildur Leifsdóttir, Skagafirði

Fimm fulltrúar í varastjórn SSNV – til tveggja ára:

Elín Aradóttir, Húnabyggð

Erla María Lárusdóttir, Skagaströnd

Þorleifur Karl Eggertsson, Húnaþingi vestra

Sólborg S. Borgarsdóttir, Skagafirði

Jóhanna Ey Harðardóttir, Skagafirði

Endurskoðandi SSNV - til tveggja ára

KPMG

Endurskoðunarnefnd SSNV - til tveggja ára

Margeir Friðriksson, formaður, Skagafjörður

Elín Jóna Rósinberg, Húnaþing vestra

Erla Jónsdóttir, Skagabyggð

Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra – til tveggja ára

Ragnhildur Haraldsdóttir, formaður, Húnabyggð

Auk þess sitja formenn fagráða atvinnuþróunar og nýsköpunar og menningar í nefndinni.

Fagráð atvinnuþróunar og nýsköpunar Uppbyggingarsjóðs – til tveggja ára

Hildur Þóra Magnúsdóttir, Skagafjörður - formaður

Erla Gunnarsdóttir, Húnabyggð

Gunnar Tryggvi Halldórsson, Húnabyggð

Gunnsteinn Björnsson, Skagafjörður

Rakel Runólfsson, Húnaþing vestra

Fagráð menningar Uppbyggingarsjóðs – til tveggja ára

Elín Lilja Gunnarsdóttir, Húnaþing vestra - formaður

Jóhanna Ey Harðardóttir, Skagafjörður

Steinunn Gunnsteinsdóttir, Skagafjörður

Grímur Rúnar Lárusson, Húnabyggð

Jón Ólafur Sigurjónsson, Skagaströnd

Ekki bárust aðrar tillögur og voru ofangreindir aðilar því sjálfkjörnir.

Afhending Byggðagleraunanna 2024

Katrín M. Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri SSNV sagði frá Byggðagleraunum, sem eru á ársþingi SSNV ár hvert veitt þeirri stofnun eða ráðuneyti sem þykir hafa skarað fram úr í fjölgun starfa/verkefna í landshlutanum eða með öðrum hætti stuðlað að uppbyggingu hans. Hún tilkynnti handhafa Byggðagleraunanna 2024.

Byggðagleraugu SSNV fyrir árið 2024 hlýtur Háskólinn á Hólum.

Hólmfríður Sveinsdóttir rektor veitti viðurkenningunni viðtöku fyrir hönd Háskólans og þakkaði auðsýndan heiður, sem hún taldi mikla hvatningu fyrir skólann.

Þingslit

Pétur Arason þingforseti þakkaði þinginu fyrir góð störf. Því næst gaf hann nýkjörnum formanni SSNV orðið.

Einar, formaður stjórnar SSNV, þakkaði þingfulltrúum traustið, þakkaði fyrir gott þing, bauð til haustþings SSNV 2024 í Austur Húnavatnssýslu og sagði þinginu slitið.

Þinggjörðina rituðu

Davíð Jóhannsson og Sveinbjörg Rut Pétursdóttir,

starfsmenn SSNV.